


Fyrir hverja?

Innlánasafn er fyrir þá sem vilja eingöngu fjárfesta í innlánum og vilja litlar verðsveiflur á inneign sinni.



Upplýsingar

Stofndagur:	1.11.2015
Heildarstærð (kr.):	36.940M

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðssins er um 0,3% af meðaleignum.

Kennitölur og tölfræði

Staðalfrávik ávöxtunar:	1,3%
Verðtryggingahlutfall ávöxtunarleiðar:	98,2%

Um Safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta lífeyrissparnað sinn í dreifðu eignasafni sem fjárfestir í innlendum og erlendum verðbréfum.

Innlánasafnið hentar vel fyrir þá sem eru að ganga á inneign sína eða hyggjast gera það fljótlega þar sem gengissveiflur í safninu eru litlar. Breytingar á markaðsvöxtum hafa ekki áhrif á höfuðstól innlána, en breytingar á vísitölu neysluverðs hafa áhrif á höfuðstólinn. Stefnt er að því að dreifa eignum Innlánasafnsins á 3-4 innlánastofnanir.

Orðsending sjóðstjóra

Innlánasafnið hefur hækkað um 6,0% á árinu 2025. Umsamin vaxtakjör á innlánsreikningum og verðbólga það sem af er ári skýra ávöxtun safnsins þar sem innlánsreikningar safnsins eru að mestu leyti verðtryggðir. Verðtryggingarhlutfall safnsins er um 98,2%. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hefur hækkað um 3,8% á fyrstu ellefu mánuðum ársins.

Eignasamsetning

Stærstu eignaflokkar	Vægi	Raunávöxtun		Nafnávöxtun	
Innlán óverðtryggð	1,8%	Frá áramótum	2,2%	Frá áramótum	6,0%
Innlán verðtryggð	98,2%	Sl. 1 ár	2,1%	Sl. 1 ár	6,3%
Total	100,0%	Sl. 3 ár	1,3%	Sl. 3 ár	7,2%
		Sl. 5 ár	0,8%	Sl. 5 ár	7,1%
		Sl. 10 ár	1,3%	Sl. 10 ár	5,6%
		Frá stofnun	1,8%	Frá stofnun	6,2%

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum

Fjármálafyrirtæki	Vægi
Arion banki hf.	33,5%
Íslandsbanki hf.	31,5%
Landsbankinn hf.	28,9%
Kvika banki hf.	6,1%

Fjárfestingarstefna


Eignasamsetning skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Eignaflokkur	Stefna	Lágmark	Hámark
Skuldabréf og innlán	100%	100%	100%
Innlán	100%	100%	100%


Fjöldi innlánsstofnana um:

4

Gengispróun sl. 10 ár



Gengispróun sl. 1 ár



Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunar-tekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfs-greinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Innlánasafnið er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfalið sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

Fyrirvari um eignamat

Lífeyrissjóðurinn metur eignir safnsins með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um markaðsverð. Markaðsverð verðbréfa ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni og getur breyst með stuttum fyrirvara. Fjárhagslegur styrkleiki útgefenda verðbréfa getur einnig breyst og haft áhrif á eignamat. Nánari upplýsingar um eignamat eru í ársskýrslu sjóðsins.

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn

Dalvegi 30, 201 Kópavogi

Sími 510-2500

almenni@almenni.is

www.almenni.is

Um skuldara- og markaðsáhættu

Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáhætta er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefenda í söfnum..

Markaðsáhætta

Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáhættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáhættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðslufæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáhætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.